

IOTA Fundagerð

Fundur haldinn mánudaginn 12. október 2020 á Zoom.

Barbara Gunnlaugsson setti fundinn klukkan 18:33. Mættar 18 konur og 1 gestur.

1. Barbara kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi.
2. Barbara sagði frá því hvenær fundir vetrarins verða. Dagskráin verður sett á heimasíðuna. Fundurinn í dag er á Zoom og svo kemur síðar í ljós hvernig fyrirkomulag verður á fundum í vetur. Það fer eftir ástandi samfélagsins í hvert sinn. Barbara fór á framkvæmdaráðsfund í Borgarnesi sem haldinn var 3. október. Hún talaði um að við þurfum að vera sýnilegri.
3. Gestur fundarins er Dr. Sigrún Klara Hannesdóttir. Hún sagði okkur frá samtökunum. Þau voru stofnuð 1929. Ísland gerðist félagi 1975. Nánari upplýsingar um starfsemi og nefndir er á heimasíður DKG.
4. Barbara spurði konur hvað þeim finnst um fjarfundi. Konur voru á því að nota fjarfundi frekar en að geta ekki hist.
5. Vilborg Ása Bjarnadóttir var með orð til umhugsunar. Hún fjallaði um gleðina í núinu, í því sem við erum að gera dagsdaglega. Betra að sjá glasið hálfullt en hálfómt. Hún hvetur konur að velja jákvæði og gleði.

Fleira ekki gert og fundi slitið 19:48.

Bryndís Ásta Birgisdóttir ritaði fundagerð.